

Ársskýrsla og reikningur 2020



Kirkjugarðasamband Íslands


September 2021

Efnisyfirlit:

1. Formáli	bls. 3
2. Föst verkefni Kirkjugarðasambands Íslands	bls. 4-5
3. Önnur brýn verkefni innan málaflokksins á næstu árum	bls. 5
4. Stjórn og formaður	bls. 6
5. Rekstur KGSÍ 2020	bls. 6
6. Framlag til kirkjugarða landsins 2020	bls. 6-7
7. Útgáfa Bautasteins – fagríts	bls. 8-9
8. Kirkjugarðasamband Íslands og kirkjugarðaráð	bls. 9
9. Erlend samskipti voru í lágmarki	bls. 9
10. Næsti aðalfundur	bls. 9-10
11. Niðurlag	bls. 10

Aftan við skýrsluna er ársreikningur KGSÍ árið 2020.

Mynd á forsíðu:



1. Formáli

Enginn aðalfundur var haldinn árið 2020 vegna farsóttarinnar. Áformað var að halda aðalfund fyrir árin 2019 og 2020 á Hótel Laugarbakka í Miðfirði um mánaðarmótin maí-júní 2021 en það reyndist ekki unnt vegna skerðingar á samkomuhaldi og bólusetning gekk hægar en vonir stóðu til í byrjun ársins. **Aðalfundurinn var því færður yfir á haustið og verður hann haldinn á Laugarbakka í Miðfirði laugardaginn 18. september nk.** Fundurinn í haust verður sem sagt aðalfundur árána 2019 og 2020 og síðan er meiningin að halda aðalfund yfirstandandi árs (2021) í Reykjavík í



maí 2022 en á þeim fundi má gera ráð fyrir mannbreytingum í stjórn KGSÍ. Þann rúma aldarfjórðung, sem KGSÍ hefur starfað, hefur ávallt verið lögð áhersla á að stjórnina skipi fulltrúar frá stórum kirkjugarði, meðalstórum garði og dreifbýlisgarði. Þannig hefur fengist þversnið af sjónarmiðum þeirra sem starfa á þessum vettvangi á Íslandi. Rekstur KGSÍ er orðinn nokkuð umfangsmikill og starfsemin innan sambandsins krefst þess að fyrir hendi sé skrifstofuaðstaða og starfsfólk sem getur gripið í og afgreitt þau verkefni sem fyrir liggja. Þessi verkefni hafa fram að þessu verið unnin á skrifstofum KGRP og KGA. Það er mín skoðun að allir stærstu kirkjugarðar landsins, þar sem aðgangur er að skrifstofuhaldi, geta vel séð um þessi verkefni sem innt eru af hendi innan KGSÍ. Við sem hræst höfum innan um hin ýmsu verkefni KGSÍ vitum að sambandið þarf á að halda fúsum höndum til verka. Töluverð umræða hefur verið um hvernig auka mætti áhuga þeirra sem hafa verið kosnir til starfa í tengslum við kirkjugarðanna. Við sem sitjum í stjórn KGSÍ erum ekki í nokkrum vafa um að til starfa komi menn og konur úr grasrótinni sem vilja starfa á þessum vettvangi sem mótast hefur sl. 26 ár.

Í þessari skýrslu verða rakin þau helstu verkefni sem KGSÍ hafa annast frá ári til árs og rifjaðir eru upp helstu atburðir sem fóru fram árið 2020 en af skiljanlegum ástæðum var félagsstarfið dauflegt á Covid-ári. Það sem upp úr stóð á árinu 2020 var lagabreyting á miðju ári sem losaði kirkjugarða við að greiða prestum og athafnastjórum lífsskoðunarfélaga þóknun fyrir þjónustu við útfarir. Nánar verður sagt frá því og áhrifum þess inni í skýrslunni.

F.h. stjórnar,



Þórsteinn Ragnarsson,
formaður KGSÍ.

2. Föst verkefni Kirkjugarðasambandsins

Formlegur þjónustusamningur var fyrst gerður við kirkjugarðaráð árið 2004 og var hann endurnýjaður 2011 og hefur verið í gildi síðan með árlegum framlengingum. Stjórn KGSÍ mun óska eftir að í ár verði gerður nýr uppfærður samningur við kirkjugarðaráð til nokkurra ára.

Föstu verkefnin, sem KGSÍ sinnir í þágu kirkjugarða á Íslandi, eru:

Rekstur á Kirkjugarðasambandi Íslands sem hefur þann tilgang að efla samstarf kirkjugarða og standa vörð um faglega hagsmuni þeirra og koma fram fyrir sambandsaðila gagnvart stjórnvöldum með því að gæta hagsmuna þeirra á sviði fjármála. Þýðingarmikill hluti starfseminnar er að gangast fyrir upplýsingastarfsemi í þágu kirkjugarða í því skyni að miðla hagnýtum upplýsingum á milli þeirra og ná fram hagkvæmni í rekstri og betri þjónustu.

Frá árinu 2005 hefur KGSÍ séð um að **reikna út og útteila framlagi ríkisins til kirkjugarða landsins** og til presta frá 2012 til júlí 2021. Til greina kom að KGSÍ mundi taka að sér að innheimta þóknun presta eftir breytingu laganna og taka þá gjald fyrir en til þess kom ekki og hafa þeir sjálfir séð um að innheimta þóknunina.

Fyrstu þrjú árin, 2005-2007, komu greiðslurnar frá Fjársýslu ríkisins (umhirðan) og frá kirkjugarðasjóði (greftranir) en frá 2008 hefur KGSÍ alfarið séð um þessi peningamál, þ.e.a.s. bæði útreikninga og greiðslu þess fjármagns sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni. Kirkjugarðaráð er síðan sá aðili sem ákveður endanlega hvernig skiptingin skuli vera.

Rekstur á heimasíðunni www.gardur.is (þróun og uppfærsla). Gardur.is er orðinn mjög öflugur vefur sem er tengdur bókunarkerfi kirkjugarða. Hugbúnaðarhúsið Hugsmiðjan hefur veg og vanda af forritun og þróun bókunarkerfisins. Gerður hefur verið viðhaldssamningur við hugbúnaðarfyrirtækið og er Arnfinnur R. Einarsson, starfsmaður KGRP, tengiliður á milli stjórnar KGSÍ og forritaranna.

Gegnum árin hafa hlaðist upp bókhaldslegar viðskiptakröfur hjá KGSÍ á grafarsjóðinn (framlag ríkisins) sem á efnahagsreikningi voru komnar í 14 m.kr. Um er að ræða kostnað vegna þróunar bókunarkerfisins sem Hugsmiðjan sér um. Stjórn KGSÍ ákvað í samráði við bókara og endurskoðanda að millifæra 5 m.kr. úr grafarsjóði inn á reikning KGSÍ vegna „kröfunnar“ en afskrifa hugsanlega afganginn eftir því hver staða grafarsjóðs væri. Ákveðið var að reikningsfæra með nákvæmari hætti hvaða gjöld og tekjur tilheyra KGSÍ og hvað grafarsjóði. Kirkjugarðasjóður hefur styrkt gerð bókunarkerfis KGSÍ sem Hugsmiðjan hefur forritað. Kostnaður fór langt fram úr áætlun og var kirkjugarðasjóður bakhjarl KGSÍ varðandi þann kostnað. Ákveðið var að þessi

bókhaldsaðgerð yrði framkvæmd með uppgjöri ársins 2021 og verður nánar um það rætt í skýrslu fyrir það ár.

Upplýsinga- og fræðslumál ætlað almenningi um málefni kirkjugarða á Íslandi, aðallega í formi blaðagreina og viðtala í fjölmiðlum.

3. Önnur brýn verkefni innan málaflokksins á næstu árum

Brýnt er að reyna áfram að ná fram **leiðréttingu einingaverða**. Stjórn KGSÍ hefur látið útbúa skýrslur sem styðja kröfu um leiðrétt þeirra (sjá: <https://gardur.is/kgsi.php>). Segja má að unnist hafi áfangasigur þegar lögum var breytt um skyldu kirkjugarða til að greiða prestum og forstöðumönnum safnaða og lífsskoðunarfélaga þóknun vegna þjónustu við útfarir. Þessi þóknun var greidd af grafartekjum kirkjugarða. Við breytinguna gekk einingaverðið óskipt til kirkjugarða landsins. Á ársgrunni er þessi gjaldaliður um 90 m.kr. og munar talsvert um þá upphæð og segja má að þessi ráðstöfun löggjafarvaldsins hafi auðveldað kirkjugörðum að greiða verktökum sanngjarnara verð fyrir grafartöku þó að enn vanti þar töluvert á.

Vinna áfram að því að sameina kirkjugarðastjórnir. Það verkefni hefur verið lengi á borði KGSÍ en ekki gengið eins vel og menn væntu í upphafi. Segja má að það hafi lofað góðu þegar stjórnir margra kirkjugarða í Eyjafjarðarprófastsdæmi sameinuðust í upphafi þessa átaks (2005) og þær sameiningar gengu vel og þar hvarlar ekki að nokkrum manni að snúa aftur til fyrra fyrirkomulags. Þegar sameiningarnar voru kynntar víða um land bar á því að menn teldu að sóknirnar misstu áhrif og umsjón sóknarkirkjugarðsins færi úr höndum „heimamanna“. Þess má geta að innan KGSÍ var ávallt gert ráð fyrir því að fulltrúi hvernar sóknar væri í sameiginlegri stjórn þeirra kirkjugarða sem mundu sameinast, t.d. innan prestakalls.

Auka fræðslu fyrir þá sem eru í stjórnnum kirkjugarða. Segja má að þetta sé eitt af grunnverkefnum KGSÍ og þarf að sinna því mun betur en gert hefur verið. Í gegnum tíðina hafa námskeið verið haldin víðsvegar um land en of langt hefur liðið á milli þeirra og ekki hefur náðst að halda námskeiðin nógu reglulega.

4. Stjórn og formaður

Á aðalfundinum á Hallormsstað gaf Þórsteinn Ragnarsson áfram kost á sér sem formaður KGSÍ og var hann einróma endurkjörinn. Guðmundur Rafn Sigurðsson og Albert Eymundsson gáfu jafnframt kost á sér í aðalstjórn og Sveinn Valdimarsson og Þórunn Ragnarsdóttir í varastjórn. Tillagan var

samþykkt samhljóða. Þjóðbjörn Hannesson á Akranesi og Magnús Gunnarsson í Hafnarfirði voru áfram kjörnir skoðunarmenn reikninga.

Á árinu 2020 voru haldnir 8 stjórnarfundir, þar af einn fjarfundur, auk óformlegra funda í síma og á netinu. Fundirnir voru haldnir í Reykjavík. **Enginn aðalfundur var haldinn árið 2020 vegna Covid-19**

5. Rekstur KGSÍ 2020

Því miður er lítið sjálfsaflafé til umráða hjá KGSÍ. Rekstraráætlun hverju sinni byggist á styrk frá kirkjugarðasjóði. Smávegis rekstrarafgangur var í árslok 2020 (sjá ársreikning aftan við skýrsluna).

Segja má að mikill félagslegur slaki hafi verið á öllu félagsstarfi á árinu 2020 og þurfa mörg félagasamtök að bretta upp ermarnar og vinna þennan slaka upp. Aðalfundurinn í haust er fyrsta samvera starfsmanna og stjórnarmanna innan kirkjugarða í tæplega 2,5 ár. Lagt verður mikið upp úr því að hafa þann fund efnisríkan, skemmtilegan og fjölsóttan.


6. Framlag til kirkjugarða landsins árið 2020

Framlag ríkisins til kirkjugarða landsins árið 2020 var **kr. 1.240.500.000**. Framlagið hefur verið skert verulega frá hrúni eins og fram hefur komið í gögnum KGSÍ á undanförunum árum. Einingaverð umhirðu og grafartöku hefur af þeim sökum lækkað mikið frá 2009 miðað við hækkun kaupgjalds og verðlags. Framlag ríkisins árið 2020 var ásamt framlagi í kirkjugarðasjóð **kr. 1.240.500.000** en árið 2019 var framlagið kr. **1.242.600.000**. Lækkun varð á milli árunna um 2,1 m.kr. Stærstur hluti gjalda hjá stærri kirkjugörðum er launakostnaður. Á sama tíma hækkaði launavísitalan um 6,73%¹ og hefur því myndast misgengi milli þessara ára og árunna á undan.

Eitt af meginverkefnum sem KGSÍ er falið af kirkjugarðaráði er að láta reikna og leggja til upphæð einingaverða fyrir hvert ár. Stjórn KGSÍ hefur undanfarin ár samið við *Jóhannes Finn Halldórsson* sérfræðing um að reikna út einingaverðin og er sá háttur hafður á að hann fær nokkrar forsendur frá stjórninni og reiknar síðan hvaða áhrif þær forsendur hafa á upphæð einingaverða. Þegar niðurstaða er fengin er hún kynnt á fundi með kirkjugarðaráði sem tekur endanlega ákvörðun.

¹ Launavísitalan var 689,3 stig í júní 2019 en 735,7 stig í júní 2020.

Framlag ríkisins 2020 til kirkjugarða landsins árið 2020 var **kr. 1.240.500.000** að meðtöldu framlagi til kirkjugarðasjóðs sem fær 8% af framlagi ríkisins.

Framlag ríkisins til kirkjugarða 2020					
Fjárlög 2020:		1.240.500.000			
		Samtals framlag að meðtöldu gjaldi í kirkjugarðasjóð	Samtals framlag að frádregnu gjaldi í kirkjugarðasjóð	Samtals 8% gjald í kirkjugarðasjóð	Greitt á reikning nr.:
Framlag vegna fastakostnaðar		995.122.783	915.512.960	79.609.823	0301-13-110560
Framlag vegna grafartöku		186.242.429	171.343.035	14.899.394	0301-13-110561
Framlag vegna líkbrennslu		59.134.788	54.404.005	4.730.783	0301-13-110564
Samtals 2019		1.240.500.000	1.141.260.000	99.240.000	
Gjald í kirkjugarðasjóð fer inn á sama reikning og verið hefur.					
					
Greiðsludreifing 2020					
	Umhirða 0301-13-110560	Grafarsjóður 0301-13-110561	Bálstofa 0301-13-110564	8% gjald í kirkjugarðasjóð	Samtals
Janúar	76.292.747	14.278.586	4.533.667	8.270.000	103.375.000
Febrúar	76.292.747	14.278.586	4.533.667	8.270.000	103.375.000
Mars	76.292.747	14.278.586	4.533.667	8.270.000	103.375.000
Apríl	76.292.747	14.278.586	4.533.667	8.270.000	103.375.000
Mái	76.292.747	14.278.586	4.533.667	8.270.000	103.375.000
Júní	76.292.747	14.278.586	4.533.667	8.270.000	103.375.000
Júlí	76.292.747	14.278.586	4.533.667	8.270.000	103.375.000
Ágúst	76.292.747	14.278.586	4.533.667	8.270.000	103.375.000
September	76.292.747	14.278.586	4.533.667	8.270.000	103.375.000
Október	76.292.747	14.278.586	4.533.667	8.270.000	103.375.000
Nóvember	76.292.747	14.278.586	4.533.667	8.270.000	103.375.000
Desember	76.292.747	14.278.586	4.533.667	8.270.000	103.375.000
Samtals	915.512.960	171.343.035	54.404.005	99.240.000	1.240.500.000

7. Útgáfa Bautasteins - fagrís


Blaðið er prentað í 1.300 eintökum og sent ókeypis til alþingismanna, oddvita sveitarstjórna, presta og tengiliða KGSÍ við hina fjölmörgu kirkjugarða landsins. Margir kirkjugarðar styrkja útgáfuna með

kaupum á blaðinu sem síðan er dreift á þjónustuvæði viðkomandi kirkjugarðs. Nær undantekningarlaust er blaðinu vel tekið.

Mikill metnaður hefur frá upphafi verið innan stjórna KGSÍ og ritstjórnar *Bautasteins* að hafa blaðið vandað og með fréttir og greinar sem víðast af landinu. *Valþór Hlöðversson* framkvæmdastjóri hjá Ritformi ehf sér um útgáfu blaðsins. Í ritstjórn eru: Guðmundur Rafn Sigurðsson, Sigurjón Jónasson, fyrrv. rekstrarstj. KGRP, Albert Eymundsson og Þórsteinn Ragnarsson.

Stjórn KGSÍ hvetur þá kirkjugarða sem kaupa (styrkja) blaðið að dreifa því til þeirra sem koma að málefnum kirkju og kirkjugarðs í heimahéraði. Fjöldi eintaka sem send eru, er í réttu hlutfalli við stærð viðkomandi garðs. Efni blaðsins höfðar til flestra, þar eru fróðlegar greinar víðsvegar af landinu. *Bautasteinn* (fagritið) kom út í maí 2021 (1. tölublað 26. árgangs).

Slóð: [bautasteinn_2021.pdf \(gardur.is\)](http://gardur.is/bautasteinn_2021.pdf).



KGSÍ **BAUTASTEINN**
1. tölublað / 26. árgangur / Maí 2021

Vildum efla samstöðuna
Rætt við Þórstein Ragnarsson, formann KGSÍ

Þróunarstarf í hálfu öld
Viðtal við Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt

Sögutorg í Höskuldsstaðakirkjugarði
Rætt við Björg Bjarnadóttur, formann soknamefndar

Hin týnda gröf skáldsins
Sagt frá fundi grafar Páls Ólafssonar í Hólavallagarði

8. Kirkjugarðasamband Íslands og kirkjugarðaráð

Samkvæmt lögum hefur kirkjugarðaráð yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Kirkjugarðaráð er jafnframt stjórn kirkjugarðasjóðs sem er jöfnunarsjóður fyrir kirkjugarðana. Aðalfundur KGSÍ tilnefnir einn stjórnarmann í kirkjugarðaráð og hefur formaður stjórnar KGSÍ verið tilnefndur undanfarin ár. Kirkjugarðaráð hefur mörg undanfarin ár gert samkomulag við stjórn KGSÍ um ýmislegt sem lýtur að málefnum kirkjugarða, sjá bls.4.

9. Erlend samskipti voru í lágmarki árið 2020 vegna Covid-19

KGSÍ á aðild að norræna sambandinu NFKK (Nordisk forbund for kirkegårder og krematorier, sjá slóðina <http://www.nfkk.eu> og eiga formaður og varaformaður KGSÍ sæti í stjórn þess.

Haldnir eru 1-2 fundir á ári og eru fundarstaðir gjarnan höfuðborgir Norðurlandanna á víxl. Á þessum fundum er tekið fyrir það helsta sem er að gerast í þessum málaflökkum á Norðurlöndunum. Enginn slíkur fundur var haldinn árið 2020 en haldnir voru nokkrir fjarfundir með fulltrúum (stjórn) NFKK á Norðurlöndum.

Samnorræn ráðstefna er haldin á Norðurlöndum á fjögurra ára fresti. Skamkvæmt þeirri röð, sem verið hefur undanfarna áratugi, hefur Ísland verið fjórum árum á eftir Finnlandi með norrænu ráðstefnuna og Svíar hafa verið gestgjafar fjórum árum eftir Íslandi. Næsta ráðstefna verður í Finnlandi haustið 2022 (seinkað um eitt ár vegna Covid-19) og fjórum árum síðar, árið 2026, hefði Ísland átt að vera með ráðstefnuna. Stjórn KGSÍ óskaði eftir því við stjórn NFKK að Ísland yrði ekki með ráðstefnuna 2026 heldur fjórum árum síðar en Svíar tækju ráðstefnuna á eftir Finnum. Þessi ósk kom fram vegna þess að útskipti verða í stjórn KGSÍ á næstu misserum og nýtt fólk kemur að stjórn KGSÍ og norræna starfinu. Ekki þótti ráðlegt að nýir stjórnarmenn fengu í fangið að undirbúa og standa fyrir ráðstefnu hér á landi á fyrstu starfsárum sínum. Stjórn NFKK varð við ósk stjórnar KGSÍ og stefnt er að því að NFKK- ráðstefnan verða á Íslandi 2030.

10. Næsti aðalfundur KGSÍ

Eftir margar tilraunir vor og haust 2020 og vor 2021 að halda aðalfund var endanlega ákveðið að halda aðalfund árána 2019 og 2020 á Hótel Laugarbakka í Miðfirði **laugardaginn 18. september 2021**. Reynt hefur verið að jafna staðsetningu aðalfunda niður á landsfjórðungana og var nú komið að Norðurlandi. Dagskráin verður fjölbreytt að vanda og blandað verður saman fróðleik og skemmtun eins og gert hefur verið á aðalfundum KGSÍ frá upphafi. Á aðalfundum KGSÍ fá þeir

aðilar sem vinna við málaflokkinn (kirkjugarðar/útfararþjónusta) tækifæri til að hittast og bera saman bækur sínar. Mjög þýðingarmikið er að miðla þannig þekkingu og reynslu milli manna og milli landshluta. Hér koma drög að dagskrá og eru fyrirvarar um breytingar á röðun dagskrárliða og efni.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Magnús Gunnarsson formaður stjórnar Kirkjugarðs Hafnarfjarðar segir frá starfsemi kirkjugarðsins í tilefni af 100 ára afmæli hans.
3. Smári Sigurðsson framkv.stj. Kirkjugarða Akureyrar segir frá hugmyndum um framtíðargrafreit Akureyrar í Naustaborgum ofan við Akureyri.
4. Hagnýtt frá garðyrkjudeild KGRP
5. Karl Á. Sigurgeirsson fréttaritari segir frá héraðinu og fólkinu sem þar býr.
6. Eftir fundinn, um kl. 14, verður keyrt um hluta Húnavatnssýslu undir leiðsögn Jóns Torfasonar. Áð verður á Blönduósi og bærinn skoðaður undir stjórn Valdimars Guðmannssonar og þar boðið upp á hressingu áður en snúið verður til baka að Laugarbakka og þangað komið um kl. 18:00.
7. Um kvöldið verður snæddur þriggja rétta hátíðarkvöldverður og þar verða skemmtiatriði undir borðum. Sr. Magnús Magnússon sóknarprestur í Breiðabólstaðarprestaalli verður veislustjóri (vanur maður). Um kvöldið verður stiginn dans eins og nær ávallt hefur verið gert í 26 ára sögu KGSÍ.

11. Niðurlag

Vonandi sjá sem flestir sér fært að mæta á aðalfundinn. Reynt er að hafa efni á dagskrá sem allir hafa gagn af og síðan er helmingurinn af þessu öllu að skemmta sér í góðra vina hópi.

Stjórn KGSÍ þakkar gott samstarf á vettvangi kirkjugarðamála. Ljóst er að við þær fjárhagsaðstæður sem kirkjugarðar hafa búið við undanfarin ár reynir mikið á stjórn og starfsmenn kirkjugarða.

Bestu þakkir færir stjórn KGSÍ öllu þessu fólki.

Reykjavík í júlí 2021.

F.h. stjórnar KGSÍ,



Þórsteinn Ragnarsson,
formaður KGSÍ.

Kirkjugarðasamband Íslands

Ársreikningur

2020

Kirkjugarðasamband Íslands
Vesturhlíð 8
105 Reykjavík
kt. 681196-2429

Kirkjugarðasamband Íslands

Ársreikningur

2020

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2
Áritun skoðunarmanna	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-9

Skýrsla stjórnar

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi og stendur vörð um faglega hagsmuni þeirra.

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Rekstrartekjur ársins 2020 námu samtals kr. 9.189.740 og nam hagnaður ársins kr. 1.118.362. Heildareignir námu kr. 16.155.102 og eigið fé í árslok 2020 nam kr. 15.027.790.

Rétt eins og hjá mögum öðrum félögum þá hefur COVID-19 raskað starfsemi Kirkjugarðasambands Íslands með þeim hætti að stjórn KGSÍ hefur ekki hist til að funda með tilliti til sýkingarhættu, samkomubanns og fjarlægðarreglu. Þetta hefur hægt á öllu starfi innan KGSÍ.

Að álit stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Kirkjugarðasambands Íslands staðfestir með undirritun sinni ársreikning sambandsins fyrir árið 2020

Reykjavík, 17. maí 2021

Í stjórn



Þorsteinn Ragnarsson
stjórnarformaður



Guðmundur Rafn Sigurðsson
stjórnarmaður



Albert Eymundsson
stjórnarmaður

Áritun skoðunarmanna

Við kjörnir skoðunarmenn Kirkjugarðasambands Íslands höfum yfirfarið ársreikning fyrir árið 2020 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 17. maí 2021


Þóðbjörn Hannesson


Magnús Gunnarsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Kirkjugarðasambandi Íslands

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda við könnun

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni. Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Samkvæmt staðlinum eigum við að leggja fram ályktun um hvort eitthvað hafi komið fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd í samræmi við lög um ársreikninga. Staðallinn gerir jafnframt kröfu um að við fylgjum siðareglum.

Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.

Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 17. maí 2021.

Deloitte ehf.



Halldór Arason,
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur			
Styrkir og aðrar tekjur		9.189.740	10.588.491
		<u>9.189.740</u>	<u>10.588.491</u>
Rekstrargjöld			
Útgáfu- og dreifingarkostnaður		1.192.282	1.112.383
Laun og tengd gjöld	3	1.506.968	1.584.402
Annar rekstrarkostnaður		5.377.068	7.552.074
		<u>8.076.318</u>	<u>10.248.859</u>
Hagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		1.113.422	339.632
Fjármunatekjur	4	16.422	17.622
Fjármagnsgjöld	5	(11.482)	(10.436)
Hagnaður ársins		<u>1.118.362</u>	<u>346.818</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	7	10.463.716	14.003.095
Aðrar skammtímakröfur	7	0	1.153.313
Handbært fé	7	5.691.386	179.667
		<u>16.155.102</u>	<u>15.336.075</u>
Eignir		<u>16.155.102</u>	<u>15.336.075</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé	8	15.027.790	13.909.428
Eigið fé		<u>15.027.790</u>	<u>13.909.428</u>
Skammtímaskuldir			
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma		747.983	884.691
Aðrar skammtímaskuldir	9	379.329	541.956
Skuldir		<u>1.127.312</u>	<u>1.426.647</u>
Eigið fé og skuldir		<u>16.155.102</u>	<u>15.336.075</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		1.113.422	339.632
Veltufé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		<u>1.113.422</u>	<u>339.632</u>
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun) lækkun		4.692.692	(4.329.759)
Rekstartengdar skuldir (lækkun) hækkun		(299.335)	422.318
Handbært fé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		<u>5.506.779</u>	<u>(3.567.809)</u>
Innborgaðir vextir og arður		16.422	17.622
Greiddir vextir		(11.482)	(10.436)
Handbært fé til rekstrar		<u>5.511.719</u>	<u>(3.560.623)</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		5.511.719	(3.560.623)
Handbært fé í upphafi árs		<u>179.667</u>	<u>3.740.290</u>
Handbært fé í lok árs		<u><u>5.691.386</u></u>	<u><u>179.667</u></u>

Skýringar

1. Starfsemi

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi sem stendur vörð um faglega hagsmuni þeirra.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sambandsins.

Almenn stefna sambandsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhattu. Engir framvikrir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá sambandinu.

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Salan er skráð þegar vara eða þjónusta er afhent og eignaréttur hefur færst til kaupanda. Tekjur sambandsins koma að mestu leyti frá Kirkjugarðasjóði.

Fjármagnsliðir

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Útistandandi tekjur

Útistandandi tekiur eru færðar á nafnverði.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

3. Launamál

	2020	2019
Laun	1.268.000	1.339.000
Launatengd gjöld	238.968	245.402
	<u>1.506.968</u>	<u>1.584.402</u>

4. Fjármunatekjur

	2020	2019
Vaxtatekjur af bankareikningum	3.222	3.222
Aðrar vaxtatekjur	13.200	14.400
	<u>16.422</u>	<u>17.622</u>

5. Fjármagnsgjöld

	2020	2019
Fjármagnstekjuskattur	(4.001)	(572)
Önnur vaxtagjöld	(6.846)	(7.863)
	<u>(11.482)</u>	<u>(10.436)</u>

Skýringar

6. Eignarhlutar í félögum

In Memoriam ehf. var stofnað árið 2000. Eignarhlutar Kirkjugarðasambands Íslands í In Memoriam ehf. er að nafnverði kr. 2.000.000, en er bókfærður á kr. 0.

7. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2020	31.12.2019
Innlendar viðskiptakröfur	10.463.716	14.003.095

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2020	31.12.2019
Útistandandi vsk.	0	1.153.313

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

8. Eigið fé

	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2020	13.909.428
Hagnaður ársins	1.118.362
Eigið fé 31.12.2020	15.027.790

9. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Virðisaukaskattur	258.326	0
Ógreidd laun og launatengd gjöld	99.987	52.793
Ógreiddir ýmsir reikningar	16.527	484.674
	379.329	541.956

10. Atburðir eftir lok reikningskiladags og önnur mál

Eins og fram kemur í skýrslu stjórnar þá hafa áhrifin af Kórónuveirunni COVID-19 hægt á starfsemi KGSÍ og stjórnin fækkað fundum með tilliti til sýkingarhættu, samkomubanns og fjarlægðarreglu. Ljóst er að áhrifin af COVID-19 munu ná langt inni árið 2021 með þeim takmörkunum sem gilda hverju sinni.

Sundurliðanir

	2020	2019
Styrkir og aðrar tekjur		
Skráning ítarefnis	42.000	45.000
Fræðslumál og útgáfa Bautasteins	317.050	266.050
Rekstrarstyrkur frá Kirkjugarðasjóði	8.500.000	9.800.000
Útseld þjónusta vegna gardur.is	330.690	477.441
	<u>9.189.740</u>	<u>10.588.491</u>
Útgáfu- og dreifingarkostnaður		
Prentun	549.816	228.584
Annar útgáfukostnaður	408.841	724.062
Burðargjöld	233.625	159.737
	<u>1.192.282</u>	<u>1.112.383</u>
Laun og launatengd gjöld		
Vinnulaun	1.268.000	1.252.566
Aksturskostnaður	0	86.434
Tryggingagjald	89.907	98.033
Lífeyrissjóður	147.971	146.265
Aðrir sjóðir	1.090	1.104
	<u>1.506.968</u>	<u>1.584.402</u>
Annar kostnaður		
Aðalfundarkostnaður	0	675.256
Stjórnarfundakostnaður	17.800	112.820
Fræðslufundir	2.920	14.270
NFKK kostnaður	0	313.000
Bókhaldsvinna, reikningagerð o.fl.	1.108.528	1.395.529
Önnur aðkeypt þjónusta	79.998	4.262.151
Afskrifaðar kröfur	4.000.000	367.908
Kostnaður vegna gardur.is	167.822	388.723
Annar kostnaður	0	22.417
	<u>5.377.068</u>	<u>7.552.074</u>